

Reykjavík, 16. september 2024

**Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti  
Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar****Efni: Umsögn Samorku um frumvarp um umhverfismat framkvæmda og áætlana – afhúðun**

Samorka fagnar þeirri áherslu sem hefur verið lögð á það í ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála að ekki sé innleitt of íþyngjandi regluverk frá Evrópusambandinu, þar sem þess er ekki þörf. Í þeim tilfellum sem innleiddar séu strangari reglur en krafa er um í tilskipunum skuli það skilmerkilega rökstutt hvers vegna þörf sé á því.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögum, annars vegar um að samræma gildissvið laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana við tilskipun 2001/42/EB varðandi umhverfismat skipulagsáætlana og hins vegar varðandi lengd og þvermál leiðslna til flutnings á efnum / efnasamböndum.

Samorka gerir engar efnislegar athugasemdir við framangreindar tillögur.

Samorka bendir hins vegar á í tengslum við umræðu um „afhúðun“ og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana að meginþungi þeirra laga er í viðaukum 1 og 2 sem tilgreina framkvæmdir sem ávallt eru háðar umhverfismati (1. viðauki flokkur A) og þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli umhverfismati (1. viðauki flokkur B).

Að því er varðar orkuiðnað á Íslandi þá er eftirfarandi orkuiðnaður ávallt háður umhverfismati (flokkur A) samkvæmt lið 3.02: *Öll orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira. Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira.*

Í tilskipun 2011/92/ESB um mat á áhrifum sem framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið fjallar I. viðauki um framkvæmdir sem ávallt skulu háðar umhverfismati (sjá 4. gr.).

Í II. viðauka eru taldar þær framkvæmdir sem aðildarríki skulu sjálf ákveða hvort séu háðar umhverfismati.

Í framangreindum I. viðauka um framkvæmdir sem ávallt skulu háðar umhverfismati segir í 2. tl. a) *Varmaorkuver og aðrar brennslustöðvar með a.m.k. 300 megavatta hitaafköst.*

Samorka bendir í þessu sambandi á þá „gullhúðun“ sem felst í því að varmaorkuver á Íslandi yfir 50 MW varmaafli séu ávallt háð umhverfismati. Í því samhengi er líka rétt að benda á samræmi þess við viðmið um 10MW uppsett rafafli fyrir önnur orkuver að raforkhlutfall varmaorkuvera er yfirleitt um

12%<sup>1</sup>. Þannig er viðmiðið um 50 MW uppsett varmafl töluvert þrengra en 10MW viðmið fyrir raforkuvinnslu og langt undir því viðmiði sem tilskipunin kveður á um, þ.e. 300 MW.

Í þessu samhengi má einnig benda á að rétt væri að fram færi mat á því hvort 10MW viðmiðið fyrir vindorkuver sé ekki of þröng innleiðing á tilskipuninni.

Takmarkaðar skýringar á framangreindum íslenskum viðmiðum er að finna í lögskýringargögnum með lögunum.

Samorka vekur athygli á framangreindu til að fram geti farið mat á því hvort of langt hafi verið gengið við innleiðingu framangreindra viðmiða. Framangreind viðmið voru tekin beint upp í lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og ætti því endurskoðun á þessum viðmiðum til afhúðunar einnig að leiða til endurskoðunar á þeim viðmiðum.

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um frumvarpið og lýsir sig tilbúna til að veita frekar skýringar eða funda um málið, sé þess óskað.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur

---

<sup>1</sup> [Titill \(orkustofnun.is\)](http://orkustofnun.is)